

Ed.

353. Frumvarp til laga

[30. mál]

um ríkisfangelsi og vinnuhæli.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. febr.)

1. gr.

Ríkið skal eiga og reka þessi fangelsi:

1. Ríkisfangelsi í Reykjavík eða nágrenni hennar.
2. Vinnuhæli.
3. Unglingafangelsi.

2. gr.

Stofna skal í Reykjavík eða nágrenni hennar ríkisfangelsi, sem rúmi 100 fanga. Skal því skipt í þessar deildir: Einangrunarfangelsi, öryggisgæzludeild, geðveilla-deild, kvennafangelsi, varðhald og gæzluvarðhald. Dómsmálaráðherra kveður nánar á um skiptinguna.

Í einangrunarfangelsið skal setja þá refsifanga, sem sekir gerast um stórfelld eða ítrekuð brot gegn reglum annarra fangelsa eða fangelsisdeilda.

3. gr.

Í vinnuhæli ríkisins að Litla-Hrauni í Árnessýslu skal vera rúm fyrir 60 fanga, og skal þar fullnægja fangelsisrefsingum öðrum en þeim, sem 4. gr. tekur til.

4. gr.

Stofna skal í sveit ungingafangelsi fyrir 25 fanga, og skal þar fullnægja fangelsisrefsingum þeirra, sem við dómsuppsögn hafa eigi náð 22 ára aldri. Skal um fangelsi þetta fara svo sem ákveðið er í 43. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

5. gr.

Afplánun meðlaga eða barnalífeyris samkvæmt framfærslulögum fer fram í vinnuhæli eða ungingafangelsi eftir aldri barnsfeðra.

6. gr.

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn fangelsamála, ákveður nánar staðsetningu og gerð fangelsa, setur reglugerð um rekstur þeirra og skipar forstjóra þeirra.

7. gr.

Veita skal úr ríkissjóði 1 milljón króna á ári hverju hið minnsta til fangelsa-bygginga, unz komið hefur verið upp fangelsum þeim, sem lög þessi mæla fyrir um.

8. gr.

Þegar hið nýja ríkisfangelsi samkvæmt 1. gr. 1. tölulið tekur til starfa, skal hegningarhúsið á Skólavörðustíg 9 í Reykjavík lagt niður.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 26 7. marz 1928, um heimild fyrir landsstjórnina að reisa betrunarhús og vinnuhæli. Þegar hegningarhúsið á Skólavörðustíg 9 í Reykjavík verður lagt niður samkvæmt 8. gr., fellur úr gildi tilskipun frá 4. marz 1871, um byggingu hegningarhúsa og fangelsa á Íslandi m. fl.